



Velkomin í
SVIGNASKARÐ

Hagnýtar upplýsingar um húsið,
nágrenni þess og þjónustu á svæðinu





MATVÍS býður ykkur hjartanlega velkomin í Svignaskarð

Börn eru alltaf á ábyrgð foreldra/forráðamanna á svæðinu

Á síðunni **West.is** er hægt að finna meiri upplýsingar um afþreyingu, náttúruperlur, gönguleiðir, viðburði, veitingastaði og þjónustu á svæðinu.



www.west.is

Í þessum bæklingi ...

...er farið yfir mikilvægar upplýsingar, eins og umgengnisreglur og frágang bústaðarins við skil



...er sagt frá ýmsum tómstundum á svæðinu og nágrenni þess, eins og golfi, frisbígolfi, veiði og sundi

...eru ferðamöguleikar í nágrenninu kynntir, bæði bíltúrar og gönguferðir



...er almennur fróðleikur sem tengist svæðinu og nágrenni þess.

**Við óskum ykkur ánægjulegrar dvalar
og biðjum ykkur um að ganga vel
um bústaðinn okkar.**

Við komu....

Nauðsynlegt er að koma með:

Lök og sængurföt



Orlofshús MATVÍS í Svignaskarði eru staðsett rétt við þjóðveg nr. 1 í Borgarfirði í tæplega 20 km fjarlægð frá Borgarnesi

Til að komast inn á svæðið þarf að slá inn pin númer sem fylgir með samningi. Húsin eru læst með Brafa læsingu. Strjúkið yfir talnaborðið þar til kviknar ljós. Sláið þá inn kóðann sem er á samningi og ýtið á #.



Leigutaki hefur húsið til umræða **frá kl. 16:00** á komudegi til kl. 12:00 á brottfarardegi

Kynnið ykkur vel **reglur um öryggi og umgengi** strax við komu.



Ræstiefni og tuskur eru í körfu á eldhúsborði og **áhöld eru í ræstiskáp**

Gangið úr skugga um **að helsti búnaður virki**, eins og heitur pottur, grill, ofn, helluborð og að hlífðarlök séu á öllum rúmum



Umsjónarmaður



Símatími umsjónarmanns

Virkir dagar: 9:00-16:00

Föstudagar: 9:00-20:00

Lokað laugardaga
og sunnudaga

Utan símatíma skal aðeins hringja í umsjónarmann ef um neyðartilvik er að ræða. (veljið þá „neyðarvakt umsjónarmanns“)

Til neyðartilvika teljast vatns- eða rafmagnsleysi eða stórtjón (t.d. rúðubrot) en ekki minniháttar bilanir eins og t.d. á heitum potti eða grilli.

Símtöl utan símatíma sem ekki flokkast sem neyðartilfelli verða gjaldfærð á leigutaka.



510 7577



svignaskard@svignaskard.is



Gætum fyllsta öryggis

Slökkvitæki er staðsett í forstofu. Léttvatns-tæki eru slökkvibúnaður sem kæfir eld með fínni vatnsúðun sem dregur úr hita og súrefni. Þau henta vel á elda í föstum efnum (A), eldfimum vökvum (B) og einnig elda í matarolíu og fitu (F).



Eldvarnarteppi er staðsett á vegg í eldhúsi nærri helluborði. Það er notað meðal annars til að slökkva eld í potti eða pönnu og einnig þegar kviknar í fötum, þar sem teppinu er vafið þétt utan um einstakling til að kæfa eldinn. Eldvarnarteppi er losað úr hulstri, breitt út og lagt yfir loga þar til eldurinn kafnar, og síðan haldið kyrru þar til hætta er liðin hjá.

Sjúkrakassi sem staðsettur er í skáp í eldhúsi, inniheldur grunnbúnað (plástra, skæri, sárabindi o.s.frv.) og er ætlaður til að veita fyrstu hjálp við minni meiðsl. Til þess að tryggja að hann sé fullbúinn og tiltækur er vinsamlegast beðið um að **umsjónarmaður sé látinn vita ef eitthvað vantar**, til dæmis með því að skrá það í orðsendingu til hans.



Flóttaleiðir í sumarbústaðnum eru tvær: aðalhurð og svalahurð. Mikilvægt er að halda þessum leiðum greiðum og lausum við hindranir svo hægt sé að yfirgefa húsið hratt ef neyð kemur upp.



112

Ef alvarleg slys eða veikindi koma upp eða vart verður við bruna hringið í 112.

Einnig má hringja í neyðarlínuna 112 þegar:

- Líf eða heilsa er í hættu
- Eldur eða reykur sést
- Alvarleg meiðsl, slysa- eða veikindatilvik verða
- Ofbeldi, ógn eða innbrot á sér stað
- Mikil hætta steðjar að, t.d. vegna náttúruvár
- Þörf er á tafarlausri aðstoð lögreglu, slökkviliðs eða sjúkraflutninga

Það sem ekki má....

Velkomin í orlofshús MATVÍS og vonandi njótið þið dvalarinnar.

Vinsamlegast gangið vel um umhverfið og húsið.



Vinsamlegast reykið hvorki né veipið innandyr. Slíkt er stranglega bannað.

Ró skal vera komin á svæðið kl. 22:00. Eru gestir beðnir um að virða það. Ónæði við aðra gesti **getur varðað brottvísun af svæðinu**



Gæludýr eru ekki leyfð í húsunum eða á svæðinu

Notkun ólöglegra vímuefna er ekki heimil í húsinu. Slík háttsemi mun í öllum tilfellum leiða til **brottvísunar úr húsinu og verður tilkynnt til lögreglu**



Ekki grilla upp við rúður (þær geta brotnað við hitann). Mikilvægt er að fylgjast vel með grilli í notkun vegna brunahættu

Skemmtanahald skal vera **innan eðlilegra marka**. Virða ber reglur um **næturro** og **friðhelgi annarra** í orlofshúsabyggðinni



Hleðsla rafbíla er með öllu óheimil við orlofshúsið

Öll meðferð **elds um svæðið er stranglega bönnuð**



Bílastæði eru við bústaðinn. **Ekki er heimilt að leggja bílum út á gróður á svæðinu**

Ganga skal vel um bústaðinn sjálfan, húsbúnað og innréttingar. Vinsamlegast **færið ekki hluti úr bústaðnum** á milli húsa



Öll notkun dróna er bönnuð á orlofshúsasvæðunum, brot á því geta varðað **brottvísun af svæðinu**

Öll meðferð **flugelda og skotvopna er undantekningalaust stranglega bönnuð**



Ekki er ætlast til að útilegubúnaður sé notaður við húsin án samráðs við umsjónarmann

Hagnýtar upplýsingar



Munið að **flokka og skila rusli í ruslagáma** sem eru staðsettir við þjónustuhús á svæðinu. Leigutakar eru beðnir um að skilja ekki eftir rusl utandyra til að koma í veg fyrir að meindýr sæki í það.

Vegna mikillar brunahættu **má alls ekki hlaða rafbíla við bústaðinn**, raflagnir hans og tenglar ráða ekki við slíka hleðslu.

Næsta rafhleðslustöð er við bensínstöðina við Baulu eða í Borgarnesi.



Snjómokstur á aðalleiðum er á vegum Orlofsbúðanna en **leigutakar þurfa hins vegar sjálfir að moka stíga heim að húsum, og af pöllum gerist þess þörf**. Á veturna eru snjóskóflur geymdar úti á pöllum við húsin.

Við hvert hús er einn gaskútur fyrir grillið. **Ef kúturinn tæmist er farið með hann að gasskáp við þjónustuhús**. Utan á gasskáp er lyklabox með númeri 2024. Setja skal tóman kútin inn í skápinn og taka fullan kút. Loka skal skápnunum, skila lykli í lyklabox og stilla númer aftur á 0000.



Heiti potturinn

- **Lokin á heitu pottunum eru viðkvæm** og því mikilvægt að passa að þau skellist ekki niður. Forðist einnig að klifra eða stíga á lokin af sömu ástæðu. Tryggið einnig að lokin séu kyrfilega fest þegar þau eru opin.
- **Stýrisbúnaður fyrir heita pottinn er staðsettur í útigeymslu**. Þar má finna allar helstu upplýsingar um áfyllingu, tæmingu og þrif á pottinum.
- Í pottinum er **sírennsli**, sem þýðir að vatnið endurnýjar sig reglulega til að tryggja hreinlæti og góð vatnsgæði.
- Athugið: Ef potturinn hefur verið tæmdur **getur það tekið allt að 4–5 klukkustundir að fylla hann að fullu** og ná aftur kjörhitastigi. Vegna náttúrulegs efnainnhalds í jarðhitavatninu í Svignaskarði getur myndast froða, filma eða smávægilegar útfellingar í heitum potti. Slík myndun er algeng og eðlileg og hefur ekki áhrif á hreinlæti eða vatnsgæði.
- Á veturna getur verið erfitt að tryggja stöðugt eða fullkomið kjörhitastig í heita pottinum. **Upphitun tekur lengri tíma í frosti** og hitastig vatnsins getur sveiflast eftir veðurskilyrðum, þar sem náttúruöflin hafa áhrif á hitaleiðni og endurnýjun vatns. **Í miklu frosti er hugsanlegt að heiti potturinn virki ekki.**



Skiljið börn aldrei ein eftir í heita pottinum

Við brottför....

Við vonum að dvölin ykkar í Svignaskarði hafi verið ánægjuleg. Vinsamlegast gangið vel um húsið og **þrifið það vel í lok dvalarinnar**. Munið að húsið er sameign okkar allra.

Þrif



- Leigutakar bera ábyrgð á að hús sé þrifið samkvæmt reglum
- Þrifa skal húsið, útisvæðið, grillið og heita pottinn (leiðbeiningar um þrif, tæmingu og áfyllingu eru að finna á vegg í geymslu)
- Styðjist við gátlista um þrif og fyllið hann út

Ganga skal úr skugga um að **sjónvarp sé stillt á ensku** og að fjarstýringar séu til staðar



Hitastillir á vegg þarf að vera stilltur á 20°C.
Alls ekki taka hitann af húsinu

Muna eftir að **loka öllum gluggum**, innihurðar skildar eftir opnar og **útidyrhurðir læstar**



Gangið frá **útihúsgögnum og grilli á palli**

Upplýsingamappan er skilin eftir á eldhúsbörði



Óhreinar tuskur skal skilja eftir í poka eða í skúrningarfötu við útidyrhurð

Skráið í orðsendingu til umsjónarmanns **ef eitthvað er bilað** eða þarfnast úrbóta



Ef þrif eru ekki fullnægjandi verður innheimt þrifagjald af leigutaka






Á kortinu má sjá staðsetningu orlofshúsabyggðarinnar í Svignaskarði og skipulag. Bústaðir MATVÍS eru sérstaklega merktir á kortinu fyrir neðan en önnur hús tilheyra fleiri stéttarfélögum á svæðinu

Orlofssvæðið í Svignaskarði

er eitt af rótgrónari orlofssvæðum landsins og hefur um áratuga skeið verið vinsæll dvalarstaður félagsfólks fjölmargra stéttarféлага. Svæðið er staðsett í fallegu og gróðursælu umhverfi í Norðurárdal í Borgarfirði, rétt við þjóðveg 1, sem tryggir gott aðgengi allt árið.

Í Svignaskarði ríkir rólegt og notalegt andrúmsloft þar sem lögð er áhersla á samveru, hvíld og útivist í náttúrunni. Umhverfið býður upp á fjölbreytta möguleika til göngu, náttúruskoðunar og afþreyingar, auk þess sem stutt er í margvíslega þjónustu og áhugaverða áningarstaði í Borgarfirði.



Sundlaugar og böð




Hreppslaug


Í **Sundlauginni á Varmalandi** er 25×12,5m útilaug með heitum potti og sólbaðsaðstöðu, auk gufubaðs og tækjasals. Hópar geta leigt íþróttasalinn og félagsheimilið Þinghamar. Hentugt svæði fyrir t.d. ættarmót.

 8 mín

Sundlaugin í Borgarnesi er 25 metra útisundlaug með þrjár vatnsrennibrautir og barnavaðlaug. Einnig er þar kaldur pottur, tveir heitir pottar, annar með sérstöku kraftnuddi og iðulaug með frábæru nuddi. Innilaugin er 12,5 x 8 metrar og þar er eimbað beint úr Deildartunguhver. Góð sólbaðsaðstaða er við laugina.

 17 mín

Í **Sundlauginni Kleppjárnsreykjum** er 25×12,5 metra útilaug með heitum potti og sólbaðsaðstöðu. Þar er auk þess salur til íþróttaiðkana til útleigu fyrir almenning, gufubað og tækjasalur.

 19 mín

Hreppslaug er einstök að því leiti að vatnið í laugina kemur út heitum uppsprettum úr hlíðinni fyrir ofan. Laugin er rekin af Ungmennafélaginu Íslending og var byggð 1928.

 25 mín

Sundlaugin á Húsafelli samanstendur af tveimur sundlaugum sem hvor um sig er með mismunandi hitastig, heitum pottum og gufubaði með 180 gráðu útsýni fyrir sundlaugasvæðið.

 40 mín



Skammt norðan Deildartunguhvers standa Krauma - náttúrulegar. Náttúrulegarnar innihalda hreint og tært vatn, beint úr Deildartunguhver sem kælt er með vatni undan öxlum Oks. Laugarnar eru sex talsins, fimm heitar og ein köld. Engum sótthreinsandi efnum er bætt í vatnið, heldur er hreinleiki þess tryggður með mjög miklu vatnsrennsli í laugarnar.

 17 mín

Golfvellir



Golfvöllurinn Glanni er 9 holu golfvöllur og er staðsettur við fossinn Glanna í Norðurárdal og er einn fallegasti golfvöllur landsins. Völlurinn er mjög áhugaverður og jafnt fyrir byrjendur sem og lengra komna. Upplagt er að njóta þessa glæsilega golfvallar á leið milli landshluta. 🚗 **11 mín**



Hamarsvöllur er 18 holur, mjög skemmtilegur golfvöllur sem er frekar auðveldur í göngu. Völlurinn liðast um hæða og ása umhverfis gamla bæinn að Hamri. Vatn kemur við sögu á nokkrum holum og er 16. flöt umvafinn vatni á alla vegu. 🚗 **12 mín**

Húsafellsvöllur er 9 holu golfvöllur sem liðast um fjölbreytt landslag meðfram bökkum Kaldár og Stuttár. Víða liggja brautir meðfram og yfir vatn og oft er stutt í skóginn. Árið 1986 var byrjað að undirbúa jarðveg fyrir golfvöll í Húsafelli. Tíu árum síðar var hann formlega tekinn í notkun. 🚗 **39 mín**

Garðavöllur er 18 holu völlum í útjaðri Akraness. Landið er frekar slétt en klapparholt, tjarnir, glompur og trjágróður setja sinn svip á völlum sem er mjög krefjandi og skemmtilegur. Garðavöllur hefur skipað sér í sess meðal bestu valla landsins og þar hafa verið haldin mörg stórmót. 🚗 **44 mín**



Frisbígolf, einnig nefnt folf, er íþrótt sem leikin er á svipaðan hátt og hefðbundið golf, en í stað golfkylfa og golfbolta nota leikmenn svífdiska (frisbídiska). Íþróttin varð til á áttunda áratug 20. aldar og deilir því markmiði með hefðbundnu golfi að ljúka hverri braut með sem fæstum köstum.

Frisbídisknum er kastað frá teigsvæði í átt að skotmarki, sem er yfirleitt sérhönnuð karfa sem grípur diskinn með keðjum og körfu neðst. Leikmenn kasta frá þeim stað sem diskurinn lenti síðast og landingarstaðurinn er merktur með litlum disk í eða öðrum merki. Við næsta kast má ekki stíga fram fyrir merkið. Hæðir, hólur, tré og aðrar náttúrulegar hindranir á vellinum veita leikmönnum áskoranir á leiðinni að körfunni. Loks lýkur hverri holu þegar diskurinn lendir í körfunni.




Frisbívöllum á landinu fjölga hratt. Á heimasíðu Íslenska frisbígolfsambandsins eru nýjustu upplýsingar um alla velli landsins. Heimasíða sambandsins er folf.is

Frisbígolf verður vinsælla með hverju árinu sem líður enda frábær fjölskylduþrótt. Keppendur geta verið á öllum aldri, bæði byrjendur og lengra komnir. Í nágrenni Svignaskarðs eru ekki (ennþá) neinir frisbígolfvelli í göngufæri en ef tekinn er bíltúr má finna skemmtilega velli. Svo er auk þess hægt að æfa sig hvar sem er á víðavangi.

Frisbígolfvelli

Völlur	Lýsing	Holur	Staðsetning
Bifröst	Við Bifröst er lítil 6 brauta völlur í skemmtilegu umhverfi. Þar eru nú fyrstu körfurnar sem smíðaðar voru hér á landi	6	Við skólabyggjuna
Borgarnes	Völlurinn er í og við Skallagrímssgarð við sundlauginu og íþróttasvæðið	5	Við Skallagrímssgarð
Hvanneyri	Skemmtilegur 9 brauta völlur með einum teig á hverri braut. Völlurinn er bæði fjölbreyttur og krefjandi	9	Fyrsta braut er við kirkjuna
Akranes	Fjölbreyttar brautir með miklum gróðri, vötnum og hindrunum. Tveir teigar eru á öllum brautum, annar léttur fyrir börn og byrjendur en hinn fyrir vanari spilara.	9	Í Garðalundi



Kort af vellinum í Borgarnesi



Púttarar eru hægustu diskarnir en um leið þeir nákvæmstu. Þeir beygja ekki nema þeim sé hallað.

Miðlungsdiskar (midrange) henta byrjendum vel og eru tilvaldir ef spilarí á t.d. bara einn disk



Dræverar eru hugsaðir fyrir lengstu skotin. Hjá vönum kösturum geta þessir diskar flogið 150-200 metra.

Veiði og veiðistaðir



Norðurá. Mynd: lax-a.is

Það eru hægt heimatókin að veiða þegar dvalið er í Borgarfirði. Þar er hægt að komast í veiði í öllum verðflokkum, enda renna fjölmargar gjöfular laxveiðiár til sjávar með viðkomu í Hvítá. Líklegt má ætla að þeir sem hyggja á dýra laxveiði hafi þegar gert viðhlítandi ráðstafnir. Hér verða því taldir upp fáeinir ódýrir valkostir í nágrenninu.

Orlofsgestir í Svignaskarði geta, frá 7. júní til 14. sept. keypt veiðileyfi í **neðsta svæði Norðurár**. Svignaskarð hefur annan hvern dag til ráðstöfunar en leyfin eru seld í þjónustumiðstöðinni. Hægt er að panta leyfi í síma 893-1767. Hægt er að taka ½ daga. Athugið að stangarfjöldi er takmarkaður en verð er mjög hóflegt. Í þjónustumiðstöðinni fást nánari upplýsingar um veiðisvæðið.

Hreðavatn er aðgengilegt og gjöfult veiðivatn í fallegu umhverfi skammt frá Bifröst. Vatnið er um einn ferkílómetri að stærð og mesta dýpt er um 20 metrar. Það stendur í um 56 metra hæð yfir sjávarmáli og í því er bæði bleikja og urriði. Vatnið er hluti af Veiðikortinu en um veiðireglur má lesa á vef Veiðikortsins.

Gufuá í Borgarfirði er sennilega ein vatnsminnsta og óvenjulegasta laxveiðiá landsins. Hún er sannarlega ein sú ódýrasta. Sjávarfalla gætir í ánni á löngum kafla neðantil, en hún rennur út í Hvítá. Eftir rigningar ryðst laxinn langt upp fyrir þjóðveg. Veiða má á flugu og maðk í ánni, en veiðileyfi má kaupa á veida.is.

Langavatn á Mýrum liggur í sunnanverðum Langadal í Mýrasýslu. Ekinn er 13 kílómetra langur afleggjari frá Svignaskarði, jafnan fólksbílafær upp með Gljúfurá. Einnig fært að vatninu eftir leið upp með Langá. Vatnið er 36 metra djúpt, þar sem það er dýpst, og rúmir 5 ferkílómetrar að flatarmáli. Bleikja og urriði er í vatninu, sem tilheyrir Veiðikortinu.

Fiskar í ferskvatni á Íslandi

Í íslenskum ferskvötnum lifa sex tegundir fiska. Þrjár tegundir tilheyra laxaættinni, en það eru atlantshafslaxinn, urriði og bleikja. Hinar þrjár tegundirnar eru hornsíli, evrópski áll og flundra.



Lax

Þrátt fyrir fremur fáar tegundir fiska í ám og vötnum hafa ýmiss afbrigði þróast innan stofna bleikja og hornsíla. Tilkoma nýrra afbrigða bleikja er algengust í djúpum vötnum þar sem stórir stofnar bleikju hafa aðlagast ólíkum lifnaðarháttum, svo sem ákveðinni fæðu og/eða búsvæðum. Með tímanum þróast hluti stofnsins yfir í nýtt afbrigði.



Bleikja

Bleikjan í Þingvallavatni hefur til að mynda 4 afbrigði sem öll eru ólík hvað snertir litamynstur, sköpulag, vaxtarferla, stærð og búsvæðaval. Afbrigðin í Þingvallavatni nefnast murta, kuðungableikja, dvergbleikja og sílableikja.

Urriði



Í ám getur silungur ýmist verið staðbundinn, þ.e. aldrei gengið til sjávar, eða sjógengin, þ.e. gengið til sjávar í fæðuleit áður en snúið er aftur upp ána til hrygningar.

Sjógenginn urriði kallast sjóbirtingur og bleikjan kallast sjóbleikja. Sjóbirtingur er silfraður en staðbundinn urriði er jafnan dekkri.

Áningastaðir í Borgarfirði



Danielslundur í Borgarfirði er skógarlundur rétt fyrir neðan bæinn Svignaskarð. Staðurinn er tilvalinn áningastaður til útivistar fyrir alla aldurshópa. Í skóginum eru góðir göngustígar, rjóður með bekkjum og borðum ásamt grilli. Mikilvægt er að göngustígum sé fylgt, viðkvæmum gróðri sé hlífð og að gestir hirði rusl eftir sig. Efst í lundinum er gott útsýni. Ekið er inn á bílastæði af þjóðveginum.

 2 mín



Í hjarta Borgarness er skrúðgarðurinn **Skallagrímgarður** og er hann ein af perlum bæjarins. Þar er einn merkasti sögustaður Egilssögu en þar er Skallagrímur og Böðvar sonarsonur hans heygðir. Í dag er unaður að fara í sund í sundlaug bæjarins og slappa af í kyrrð og fegurð Skallagrímgarðs á eftir, eða stoppa þar með nesti

 17 mín

Borgarfjörður og Mýrar er svæði rómað fyrir náttúrufegurð. Fjölbreytni er mikil í náttúrunni og þar er auðvelt að upplifa fossa, fjöll, hraun og skóga, heita hvergi og jökla. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru á svæðinu og sagan drýpur þar af hverju strái. Hér eru nokkrir staðir.

Norðurá og umhverfi hennar geymir marga fallega staði. **Paradísarlaut** er falleg vin í hrauninu nokkru neðan við fossinn fallega, **Glanna**. Frá bílastæði og þjónustuhúsi er gönguleið að Paradísarlaut og fossinum. Gerður hefur verið góður útsýnispallur þaðan sem fossinn Glanni sést vel.

 11 mín



Borg á Mýrum er kirkjustaður og prestssetur. Þar bjó Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson, faðir Egils Skalla-Grímssonar og síðar Egill og margir ættmenn hans og niðjar, meðal annars bjó Snorri Sturluson þar um skeið. Minnismerkið Sonatorrek eftir Ásmund Sveinsson var reist á Borg 1985. Núverandi kirkja að Borg var reist 1880. Altaristafla kirkjunnar er eftir enska málarann W.G. Collingwood sem hann málaði eftir Íslandsferð sína 1897.

 14 mín





Grábrók

Grábrók nefnist stærsti gígurinn af þremur í stuttri gossprungu. Göngustígar liggja upp á Grábrók. Gangan er við flestra hæfi og uppi er einstakt útsýni. Úr þessum gígum Stóru-Grábrók, Grábrókarfelli (Rauðabrók) og Litlu-Grábrók (Smábrók) rann Grábrókarhraun fyrir um 3400 árum. Hraunið er um 7 km². Meðalþykktin í borholum er 20 metrar.

 14 mín



Kirkjurnar í Reykholti

Reykholt er einn merkasti sögustaður landsins, m.a. vegna búsetu Snorra Sturlusonar 1206-1241. Í Reykholti er forn laug þar sem Snorri er talin hafa setið og hvílt sig frá skriftum. Reykholtsskógur er skemmtilegt útivistarsvæði með mörgum stígum. Í skóginum má finna ber og sveppi, fallega flóru og vísir að merktu trjasafni. Forn þjóðleið liggur meðfram og í gegnum skógin. Höskuldargerði, hlaðið úr grjóti og söðlabúr með torfþaki, var gert fyrir ríðandi umferð á staðinn. Tilvalið er fyrir gesti að ganga um skógin og njóta kyrrðar og útvistar á sögustað. Snorrastofa í Reykholti býður upp á sýningar, leiðsögn, fyrirlestra. Þá státar Reykholt af blómlegu tónlistarlífi.

 22 mín

Baula í Borgarfirði er keilulaga líparítfjall sem blasir víða við úr Borgarfirði og nágrenni. Fjallið er skriðurunnið, bratt og gróðurlítið og rís 934 m. upp af láglandinu. Fjallið er eitt besta dæmi sem hraungúl sem þekkest. Sagt er að af toppi fjallsins sjáist í níu sýslur í góðu skyggni, enda útsýnið stórfenglegt. Þjóðsagan greinir frá að þar uppi eigi einnig að vera tjörn með óskasteini, sem aðeins kemur upp á jónsmessunótt. Sá sem nær steininum getur fengið allar óskir sínar uppfylltar. Ekki er á allra færi að ganga á Baulu. Gangan er erfið og göngufólk þarf að vera í góðu formi og vel útbúið. Gönguleið á fjallið er ekki stikuð og það er alfarið á ábyrgð göngufólks ef það leggur til uppgöngu.

 18 mín



Baula

Deildartunguhver í Borgarfirði er vatnsmesti hver í Evrópu. Hitastig vatnsins er 100° og úr hvernum koma um 180 lítrar af heitu vatni á sekúndu. Frá Deildartunguhver, sem er friðaður, liggur ein lengsta jarðahitavatnslögn í heimi um 64 kílómetra leið til Akranes. Hitaveita var stofnuð árið 1979 sem hitar upp hús frá Borgarfirði að Akranesi.

 17 mín



Deildartunguhver




Hraunfossar

Hraunfossar eru ein allra fegursta náttúruperla landsins. Ótal fossar sem spretta úr hraunjaðrinum og falla í Hvítá. Hraunfossar, Barnafoss og næsta nágrenni voru friðlýst 1987. Frá bílastæðinu er gönguleið að útsýnispalli.

 35 mín

Víðgelmir er stærstur allra hella á Íslandi og einn stærsti hraunhellir í heimi. Hann hefur að geyma fallegar ísmyndanir og þegar innar dregur má sjá marga dropsteina og hraunstrá. Árið 1993 fundust mannvistarleifar í hellinum. Þær eru nú til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41 í Reykjavík. Hellirinn er friðaður en leiðsögumenn frá "The Cave" bjóða upp á stuttar og langar ferðir í hellinn. Á heimasíðu ferðaþjónustunnar **thecave.is** er hægt að bóka ferðir og fá frekari upplýsingar.

 46 mín



Víðgelmir



Húsafell

Allt í kring um **Húsafell** eru heillandi gönguleiðir. Þéttir skógar, hraunmyndanir, kristaltærar uppsprettur, stórbrotin gil, jöklar, hvítfyssandi jökulár, fjölbreytt dýra- og fuglalíf auk merkra fornminja og annarra mannvistarleifa, sem segja ótal sögur um liðna tíð og sambýli manns og náttúru. Höggmyndir Páls Guðmyndssonar myndhöggvara skerpa oft svip landsins. Hægt er að finna auðveldar gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna, eins og leiðirnar um skóginn og einnig eru áhugaverðar leiðir fyrir þá brattgengu. Á Húsafelli má nálgast gönguleiðakort með merktum leiðum.

 40 mín

Krosslaug nefnist laug er í landi Reykja í Lundarreykjadal. Hún er um 42°C heit og er friðlýst. Sagan segir að þegar kristni var lögtekin árið 1000 hafi vestanmönnum ekki litist á að vera skírðir upp úr köldu vatni á þingvöllum og því látið skíra sig í Krosslaug í staðinn.

 38 mín



Krosslaug

Textar og myndir eru fengin af west.is, wikipedia.com og borgarbyggd.is

Sögumolar um Svignaskarð



Bærinn Svignaskarð er fornt stórbýli og höfuðból í Norðurárdal í Borgarbyggð og á sér langa og merka sögu. Þar hafa búið sýslumenn og höfðingjar en líka réttir og sléttir bændur.

Samkvæmt Sturlungu mun Svignaskarð hafa verið eitt af búum Snorra Sturlusonar. Snorri var mikilvirkur fræðimaður og meðal annars höfundur Snorra-Eddu. Hann var einnig höfundur Heimskringlu er segir sögu norsku konunganna og hefst þar á hinni goðsagnakenndu Ynglinga sögu og rekur síðan sögu konunganna fram til samtíma síns. Einnig er talið líklegt að hann sé höfundur Egils sögu Skallagrímssonar. Snorri bjó fyrst á Borg á Mýrum en lengst af í Reykholti í Borgarfirði.



Snorri Sturluson



Á árunum 1903-1939 bjó þar athafnamaðurinn Guðmundur Daníelsson (1873-1939). Hafði hann keypt jörðina og tekið við í mikilli niðurníðslu, en byggt hana upp og gert aftur að miklu stórbýli. Svignaskarð var á þessum árum í alfaraleið norður í land og þar þróaðist með Guðmundi mikil fyrirgreiðsla við ferðamenn og taldi fjöldi þeirra sem stöldruðu við á Svignaskarði árið 1914 til að mynda 3.434 ferðamenn. Að sumri til dvöldu margir þar í um lengri eða skemmri tíma við útivist og stangveiði í Norðurá og var gistingu haldið þar úti allt til ársins 1952. Heimild: wikipedia.com



Klettaborgin Kastali

Skammt austan við bæinn í túninu hjá Svignaskarði er klettaborg sem nefnist Kastali og er þaðan gott útsýni yfir Borgarfjarðarhérað. Sökum þess að þar var gott vígi frá náttúrunnar hendi, var bærinn fluttur þar upp á Sturlungaöld, þar sem að fyrir utan víðsýni var þar nánast sjálfgert vígi að kalla.

Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri




Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri er eitt merkasta safn landsins sem helgað er sögu og þróun íslensks landbúnaðar. Safnið er staðsett á Hvanneyri í Borgarfirði, svæði sem hefur um langt skeið verið miðstöð menntunar, rannsókna og framfara í landbúnaði á Íslandi.

Markmið safnsins er að varðveita, rannsaka og miðla minjum um íslenskan búskap og daglegt líf í sveit frá fyrri tímum til dagsins í dag. Þar er að finna fjölbreytt safn verkfæra, tækja, véla og muna sem sýna hvernig bændur aðlöguðu sig að íslenskum aðstæðum, nýttu landið og þróðu búskaparhætti í samspili við náttúru og samfélag. Sýningar safnsins gefa góða mynd af þróun sauðfjár- og kúabúskapar, jarðræktar og heimilisstarfa auk þess sem fjallað er um vélvæðingu og tæknibreytingar sem urðu á 20. öld. Þar má meðal annars sjá gamlar landbúnaðarvélar, handverkfæri, áhöld og búnað sem áður voru ómissandi hluti af lífi í sveitum landsins.

Safnið tengist jafnframt sögu Bændaskólans á Hvanneyri og síðar Landbúnaðarháskóla Íslands og undirstrikar mikilvægi staðarins sem mennta- og þekkingarseturs. Með því að tengja saman fræðslu, menningu og minjar veitir safnið dýrmæta innsýn í þær rætur sem íslenskur landbúnaður og samfélag byggja á. Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri er fróðlegur og áhugaverður viðkomustaður fyrir alla aldurshópa. Heimsókn á safnið er skemmtileg leið til að kynnast íslenskrri sögu, menningu og lífnaðarháttum.

Stysta leiðin frá Svignaskarði til Hvanneyrar er í gegnum Borgarnes en einnig er hægt að velja lengri og einstaklega fallega leið um Reykholt og Lundarreykjadal (fyrst norður eftir hringvegi 1, síðan á veg 50 og þaðan á veg 518), þar sem ferðalagið verður hluti af upplifuninni með gróðursælum dölum og víðáttumiklu landslagi.



Landnámssetrið í Borgarnesi



Landnámssetrið

Landnámssetrið í Borgarnesi er eitt helsta menningar- og sögusafn landsins. Þar er fjallar um upphaf byggðar á Íslandi og fyrstu aldir íslensks samfélags. Safnið er staðsett í miðbæ Borgarness, á svæði sem tengist með beinum hætti sögum landnámsmanna, víkingaaldar og þeim atburðum sem mótuðu fyrstu kynslóðir landsins.

Í Landnámssetrinu eru tvær meginýningar sem leiða gesti inn í heim víkingaaldar og landnáms. **Önnur sýningin fjallar um sjálft landnámið** og upphaf búsetu á Íslandi; hvernig fólk sigldi hingað, valdi sér land, skipulagði samfélag sitt og glímdi við erfiðar aðstæður í nýju landi. Þar er sagan sett fram á aðgengilegan og áhrifaríkan hátt með textum, myndum, hljóði og margmiðlun sem gerir gestum kleift að skilja bæði sögulegt samhengi og daglegt líf landnámsfólks.

Hin sýningin er helguð Agli Skallagrímssyni, einni þekktustu og um leið flóknustu persónu íslenskra fornsagna. Þar er farið yfir ævi hans, fjölskyldutengsl og helstu atburði Egilssögu, ásamt því að varpa ljósi á samfélag, menningu, heiðurshugmyndir og skáldskap víkingaaldar. Sýningin sýnir hvernig fornsögurnar tengja saman sagnfræði, bókmenntir og munnlega hefð og hvernig þær hafa mótað sjálfsmynd þjóðarinnar í gegnum aldirnar.

Landnámssetrið leggur mikla áherslu á fræðslu og lifandi miðlun. Sýningarnar eru settar upp þannig að þær höfða jafnt til barna sem fullorðinna og henta bæði þeim sem þekkja íslenskar sögur vel og þeim sem eru að kynna þeim í fyrsta sinn. Safnið er því vinsæll áfangastaður fyrir fjölskyldur, skólahópa og ferðamenn sem vilja dýpka skilning sinn á íslenskri sögu og menningu.